



HESTAMANNAFÉLAGIÐ SINDRI

Æskulýðsskýrsla 2015



Inngangur

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Sindra hefur um nokkurt skeið verið mjög metnaðarfullt og nefndin lagt mikið upp úr því að öll félagsbörn frá 3ja ára til 18 ára finni sér viðburð við hæfi. Á marga af þessum viðburðum er ekki þörf á að koma með hesta enda horfum við til nýliðunar og viljum gefa börnum sem ekki eiga hross, en hafa mikinn áhuga, tækifæri á að vera með í sportinu og fá að njóta félagsskaparins og viðburðanna. Stór liður í þessu eru reiðskólar Sindra sem hafa verið starfræktir af æskulýðsnefnd Sindra í fjölda ára en þar gefst öllum börnum kostur á að njóta samvista og útreiðatúra með hestunum sem félagið útvegar.

Hér verður greint frá helstu viðburðum sem æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra stóð fyrir starfsárið 2015.

Í æskulýðsnefnd 2015 eru:

Vilborg Smáradóttir, form.

Hjördís Rut Jónsdóttir

Ásta Alda Árnadóttir

Sólveig Eyvindsdóttir

Þorsteinn Björn Einarsson

Facebooksíða æskulýðsnefndar

Æskulýðsnefnd stofnaði facebooksíðu um starf nefndarinnar til þess að hafa tök á að streyma myndum og fréttum af starfinu okkar bæði krökkunum, foreldrum og öðrum til gamans og fékk síðan góðar móttökur og fylgni.



Æskulýðshesthús

Vegna aukinnar umræðu um vöntun á nýliðun í hestamennskuna ákvað æskulýðsnefnd Sindra að leggja sitt af mörkum og prófa að halda úti æskulýðshesthúsi frá janúar fram í maí 2015. Nýbreytninni var vel tekið, sóttu þrír nýliðar í verkefnið og var þeim útvegað hestum. Þar að auki voru 11 krakkar með aðstöðu og hrossin sín í hesthúsinu, veturinn var því líflegur og fjörugur hjá okkur. Farið var vel yfir þá ábyrgð sem hver og einn hafði varðandi hestinn sinn og aðra umgengni í

hesthúsinu og gekk það allt vonum framar allan veturinn. Krakkarnir nutu aðstoðar fullorðins einstaklings frá kl 16:00 -18:00 alla virka daga en höfðu að sjálfsögðu leyfi til að sinna hrossum sínum utan þess tíma. Verkefnið kom mjög vel út og viðhélt vel hinum mikla áhuga nýliðanna þriggja. Verkefnið varð einnig til þess að allt starf innan æskulýðsnefndarinnar varð auðsóttara, þar sem flestir viðburðir nefndarinnar voru haldnir í kringum æskulýðshúsið eða áttu upphaf sitt þar. Má þar nefna æskulýðsreiðtúr, æfingar fyrir sýningar, vinnuviku á hestabúgarði, kökudaga í hesthúsinu, ísdaga og fleira. Verkefnið fékk mikla athygli hér heima og reyndar víðar, þar sem sjónvarpsstöðin N4 þefaði okkur uppi og tók við okkur skemmtilegt viðtal fyrir þáttinn Að sunnan. Það þarf ekki að útskýra spenninginn sem var fyrir viðtalinu og var m.a. búið að greiða öllum hrossum og fínisera eins og hægt var í húsinu. Tekið var viðtal við nokkur krakkanna og annan umsjónaraðilann sem skýrði frá verkefninu. Þáttinn má finna hér <http://www.n4.is/is/thaettir/file/ad-sunnan-vika-6>

Æfingabúðir

Þar sem við höfum hvorki yfir að ráða reiðhöll, góðri aðstöðu til kennslu hópa, né heldur aðgang að lærðum kennurum í næsta nágrenni, höfum við undanfarin ár sett upp æfingabúðir heila helgi, þar sem farið er með hross og börn eitthvert, þar sem aðstaða þykir hentug. Leitumst við þá eftir að finna reiðhöll með aðstöðu fyrir hrossin alla helgina og helst sumarbústað fyrir krakkana til að gista í. Við fengum Heklu Katarínu Kristinsdóttur til að kenna krökkunum þriðja árið í röð enda er hún orðin mjög kunn þeim og hestunum þeirra. Við gistum í sumarbústað við Hellinn á Hellu en vorum með hrossin í Árbæjarhjáleigu og fengum einnig afnot af reiðhöllinni þar. Meðal þess sem gert var í æfingabúðum var eftirfarandi: Kennsla á hverjum degi, uppsetning á sýningaratriði á Hestafjörri 2015 og æfingar fyrir það, farið út að borða, grillað, spilað og spjallað, farið í sund og göngutúra. Æfingabúðirnar eru í algjöru uppáhaldi hjá flestum og er ótrúlegt að sjá hversu mikið krakkarnir læra á svo stuttum tíma.



Kennsla í vetur

Eftirfylgni við æfingabúðirnar okkar var reiðkennsla í þrjú skipti hjá Heklu með c.a. 3 vikna millibili, en með því móti gat Hekla fylgst með krökkunum og leiðbeint þeim áfram um ýmis atriði sem betur máttu fara.

Sýningaratriði á ræktunarsýningu Rangárhallarinnar

Við fengum beiðni um að hafa skrautsýningu á ræktunarsýningu Rangárhallarinnar sem haldin var á skírdag þann 3. apríl og urðum við auðvitað við þeirri ósk. Elsta stigið okkar, krakkar sem nú eru allir nemendur við hestabraut Fsú, fékk það hlutverk að sýna vel æfða skrautreið sem að hluta var unnin upp úr sýningu sem þau sýndu í fyrra á Æskan og hesturinn.

Páskabingó

Um páskana stóð æskulýðsnefnd fyrir árlegu páskabingói sem opið var öllum. Vinningar voru auðvitað páskaegg enda páskadagur á næsta leiti. Bingóið var liður í fjáröflun æskulýðsnefndar, var það vel sótt og tókst ljómandi vel.

Sýningaratriði á Hestafjöri 2015

Okkur stóð til boða að taka þátt á sýningunni Hestafjör á Selfossi þann 19. apríl og gripum við það tækifæri auðvitað glóðvolgt. Að morgni dags var smalað í bíla og kerrur og 12 þátttakendur sem búnir voru að æfa stíft síðustu vikurnar brunuðu á Selfoss. Tvö sýningaratriði voru sýnd og tókust með eindæmum vel. Eftir atriðin nutum við svo sýninga annarra krakka í hestamannafélögunum í kring. Það voru svo stoltir og ánægðir knapar sem héldu heim að kvöldi dags.



Æskulýðsreiðtúr

Æskulýðsreiðtúrin var farinn í blíðskaparveðri þann 25. apríl. 10 krakkar mættu í reiðtúrin með fagurlega skreytta hesta sína en þemað fyrir túrin var „bleik slaufa“. Við dóluðum okkur rúmlega klukkutímatúr með góðu stoppi í grænni laut, þar sem hestar fengu að narta og knapar fengu hið sígilda prince póló og svala.

Vinna á hestabúi

Í lok maí ákváðum við að bjóða krökkunum upp á að taka þátt í verkefni sem við kölluðum „vinna á hestabúi“. Það var verulegur spenningur fyrir verkefninu og því tekið alvarlega. Verkefnið var starfrækt frá kl 16:00 til 18:00 alla virka daga tvær síðustu vikur maímánaðar og var svo alvarlega tekið að vinnufólk bað um leyfi frá störfum og afsakaði innilega ef það vildi til að þau yrðu sein til vinnu. Við fengum til liðs við okkur Hörpu Rún Jóhannsdóttur sem hafði unnið sumarið áður á hestabúi og var tilbúin til að miðla þekkingu sinni á því. Annar hluti hesthússins var „búgarðurinn“, þar sem búið var að taka inn 15 hross sem notuð yrðu til hestaleigu það sumarið. Haldinn var fundur í upphafi til að útskýra verkefnið og þá ábyrgð og skyldur sem vinnufólk hafði. Eftir fundinn var svo haldin sýnikennsla í



hringteymingum og vinnu í hendi. Hver og einn vinnumaður fékk svo úthlutað sínu hrossi sem hann varð að vinna með næstu tvær vikur og bæta á mismunandi og miskrefjandi hátt eftir eiginleika hrossins undir eftirliti leiðbeinenda. Sett var upp þjálfunaráætlun fyrir hvern og einn og henni fylgt eftir í hvívetna. Verkefnið kom stórskemmtilega út, krakkarnir voru verulega upp með sér að fá þessa ábyrgð í hendur, meiri leiðsögn og smá innsýn í starf vinnumanns á búgarði.

Reiðskóli Sindra 2015

Reiðskólar Sindra voru haldnir að vanda í Vík og í Skálakoti þann 1.- 6. júní. Öllum börnum frá 6 ára aldri gefst kostur á að taka þátt í reiðskólum Sindra og njóta stunda með hestunum sem góðfúslega eru lánaðir árlega til reiðskólanna af félagsmönnum hestamannafélagsins Sindra. Samtals voru um 81 barn þátttakandi í ár og er stærstur hluti þeirra börn sem ekki hafa aðgang að hrossum að öðrum kosti. Það má því nærri geta hversu gefandi og skemmtileg þessi vika er, þar sem þakklát börn fá þann draum sinn uppfylltan að hafa aðgang að hrossum í einn klukkutíma á dag í heila viku.





Reiðskólasýning 2015

Það hefur verið til siðs að fagna lokum reiðskólans með reiðskólasýningu. Þar gefst krökkunum sem verið hafa í skólanum færi á að sýna foreldrum og öðrum hversu klár þau eru orðin eftir vikuna. Hver og einn hópur fékk að sýna sitt atriði og voru sýningarnar allt frá því að vera sýning 6 ára barna á hæfileikum sínum til að stýra og stöðva hrossunum upp í flókna sýningu og jafnvel stóla-leik. Sýningin tókst með eindæmum vel og það voru stoltir foreldrar sem horfðu á krakkana sýna listir sínar.

Æskulýðsmót Sindra

Æskulýðsmót Sindra var haldið 7.-8. júní í ár. Þar fléttuðum við saman leik og kennslu sem var miðuð að keppni á Hestaþingi Sindra sem haldið var helgina á eftir æskulýðsmóti. Slegið var upp tjaldbúðum og gist eina nótt. Hekla Katarína var fengin til þess að koma til okkar og kenna krökkunum á vellinum og móta sýningu hvers og eins. Við fórum í góðan reiðtúr, spiluðum og fórum í leiki. Svo var auðvitað grillað eins og í alvöru útilegu.



Þátttaka á mótum

Krakkarnir okkar eru mjög virkir þátttakendur á mótum hestamannafélagsins. Þau tóku m.a. þátt hér heima í:

Þremur vetrarmótum Sindra

Firmakeppni Sindra

Hestaþingi Sindra

Við áttum svo einnig nokkra fulltrúa á:

Vetrarmótum Sleipnis

Íþróttamóti Harðar

Íþróttamóti Sleipnis

Fjórðungsmóti Austurlands

Íslandsmóti yngri flokka

Stórmóti Geysis

Suðurlandsmóti yngri flokka á Hellu

Hestaþingi Kóps

Gæðingaveislu Sörla og Mána



Uppskeruhátíð

Að vanda verður uppskeruhátíð æskulýðsins í október. Þar verður framreidd tveggja rétta máltíð, veittar viðurkenningar fyrir árangur á hestaþingi Sindra í ár og haldnar umræður um starf æskulýðsnefndarinnar í ár ásamt því að hitta kennarann okkar sem að mun kenna okkur á komandi starfsári.

Niðurlag:

Við í æskulýðsnefnd Sindra erum mjög stolt af starfi okkar þetta árið sem og undanfarin ár. Við höfum einstaklega gaman af því að skipuleggja viðburði fyrir krakkana og finnst frábært að geta deilt áhugamáli okkar með þeim. Við sjáum nú þegar, að vinna okkar síðustu ár hefur skilað sér í mjög frambærilegum keppendum í unglingaflokkum sem eru að ná góðum einkunnum bæði á mótum félagsins og öðrum mótum. Reyndar er það þannig að oftar en ekki eru þau í verðlaunasætum á mótunum sem þau taka þátt í utan félagsins.

Þá er enn eitt starfsárið að enda en við hlökkum til að takast á við fleiri gefandi og skemmtileg verkefni á því næsta.

Fleiri myndir og uppfærslur er hægt að nálgast á facebook síðunni okkar :

<https://www.facebook.com/aeskulydsstarfsindra>

Með kveðju

Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sindra 2015